

***BORGARRÁÐ 12. nóvember 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um námskeið bílstjóra hjá Strætó bs. - R20110203***

Fyrirspurn Flokks fólksins um námskeið atvinnubílstjóra hjá Strætó bs Í svari frá stjórn Strætó við fyrirspurn Flokks fólksins um stefnu Strætó varðandi lausagang strætisvagna á biðtíma kom fram að þeir sjá sjálfir um lögboðin námskeið atvinnubílstjóra fyrir sína starfsmenn. Hver hefur eftirlit með því að kennslan sé samkvæmt námsskrá? Er námsskrá þessara endurmenntunarnámskeiða yfirfarið af löggildum aðilum? Eru þessi námskeið í samræmi við það hvernig námsskrá og kröfur Evrópusambandsins eru um námskeið fyrir atvinnubílstjóra?